



BYGGINGARLÝSIN

Núverandi húsi er heldið í öllum meginatriðum. Búningsaðstaða er endurnýjuð í haldi sinni og þak yfir henni. Brunavarnir byggingarinnar eru endurskoðaðar með tilliti til endurbóta og vegna tengingar við nýbyggingu.

Ný tengbygging er byggð við núverandi hús. Hún inniheldur nýjan aðalinnangang með móttöku, afgreiðslu og setustofu ásamt nýjum búningsklefjum og líftvæðingum fyrir nýjan aðalsal. Þar er einnig færanleg skó og fetaageymsla, sem færa má til eftir þörfum. Úr fornyminu má komast í alla sali hússins, annaðhvort beint eða um tengda ganga. Sjá má beint inn í nýja salinn úr setustofunni.

Salur 1 er fullkominn æfinga og keppissalur innréttaður eftir nýjustu kröfum um sali sem þessa. Allar burðarsölur eru inni veggjum eða utan á byggingunni til þess að veggflöt séu sléttir. Gluggar veita birtu inn í salinn, bæði á veggjum og í þaki. Sérstök áhaldageymsla er fyrir hinn nýja sali til þess að síður þurfi að flytja hluti á milli. Unnið er með hjóðvíst salarins bæði í lofti og á veggjum. Útdraganleg sæti fyrir 200 áhorfendur er í salnum.

Nýbyggingin er að hluta steypt og að hluta úr stálgrind. Meginhluti klæðningar er úr samlokueiningum með steinull á milli og málmklæðningu að utan og innan. Næðsti hluti nýbyggingar er steyptur til þess að styrkja þann hluta hússins fyrir ágangi. Þak aðalsalar er klætt með þar til gærdum bakappa eða þakdúk. Ofan á þak tengbyggingar er tæknirými fyrir loftræsibúnað. Lítur nýbyggingar verður ljós og unnið verður með litasamræmingu milli eldri byggingar sem verður endurmáluð og nýbyggingar.

Byggingin er annars vegar loftræst með náttúrulegri loftræsingu um opnanlega glugga og hins vegar með vélrænni loftræsingu þar sem reglur kveða á um. Aðalsalur byggingarinnar eru loftræstir með vélrænni loftræsingu.

LOÐ

Öll bílastæði og megináðkomur innan lóðar eru málbikuð og steyptur kantsteininn á milli gangstæta og akandi umfarðar. Gangstættar og göngusvæði verða með bundnu slitlagi. Önnur svæði eru þakin grasi, plöntum og trjágróðri. Komid verður fyrir trjám og gróðri á jafni lóðarinnar næst íbúðabygginginni til þess að milda tengslin á milli svæðanna. Gengið verður frá útleik - æfingasvæði með leik og æfingastækjum. Útlýsing er á lóðinni í samræmi við glidandi reglur þar um. Geri er ráð fyrir sérmerktum bílastæðum fyrir fatlaða næst aðalinnangangi. Stjóðbræðsla verður á göngusvæðum við aðalinnangang og á bílastæðum fatlaðra.

Byggingunni er skipt upp í minni einingar hvað brunavart varðar, með viðeigandi rýmingaleiðum. Í byggingunni verður brunavörðrunarkerfi.

ALMENN BYGGINGAR- OG EFNISLÝSING

Núverandi bygging

Núverandi bygging heldur sér í meginatriðum. Gerðar verða nauðynlegar endurbætur, ss skipt um allar innhurðir, böð - og búningsaðstaða endurnýjuð og endurbætur gerðar á aðalsal og víðar.

Nýbygging

Sökkjar og botnplata: Sökkjar og botnplata eru úr jámbentri steinsteypu einangrað undir botnplötu íþróttasal og tengbyggingar með 100mm einangrun.

Útveggir

Veggir aðelbyggingar eru staðsteyptir upp í 120 cm hæð, einangraðir að innan og klæddir slitsterki plötuklæðningu. Annað meginburðavirki er úr stáli. Byggingin er klædd með málm-samlokueiningum með 150mm þykkum steinull á milli. Hluti veggja er klæddur með liggjandi timburklæðningu.

Þök

Ofan á stálburðargrind koma berandi einingar úr stáli "trapsulega" 150mm þykkum. Þar ofan kemur 150mm steinullareinangrun og vatnsheldur þakdúk. Rennur og niðurföll eru utanálggjandi. Að inna koma hjóðdempandi pítlur. Að neðanverðu koma niðurtækin loft þar sem við á með hjóðdempandi klæðningu eftir þörfum.

Gluggar og útlhurðir

Allir gluggar eru ákttæddir timbrugglar með tvöföldu einangrunarglerfi. Aðalinnangangur er rafdrifinn álhurð. Aðrar hurðir eru sléttar timburhurðir með ákklæðningu að utan.

Annað

Merkí Bjarkanna kemur á gælf byggingarinnar með lýsingu

Gólf

Gólf í aðalsal er fjaðrandí íþróttagólf klætt með parketi. Gólf í anddyri og við aðalinnangang er flisalagt. Gólf í búningsherbergjum og votrymum eru flisalögð. Önnur gólf eru klædd með vinylgólfúkk með sóplatum á veggjum.

Innveggir

Veggir í votrymum sem verða flisalagðir eru staðsteyptir eða úr hliðnum gjallstein. Aðrir veggir eru léttir gipsplötuveggir, sem fullnægja kröfum um styrk og hjóðvíst. Veggir sem ekki eru flisalagðir eru málaðir. Gler er í vegg á milli anddyris og salar 1.

Loft

Loft í aðalsal verður klætt hjóðdempandi klæðningu. Önnur loft eru almennt niðurtækin og klædd með hjóðdempandi klæðningu eftir þörfum, annað hvort með lituðum plötum eða máluð. Loft í votrymum verða sérstaklega meðhöndluð með tilliti til raka.

Fastar innréttingar

Innréttingar eru almennt með sléttu yfirborði, úr slitsterkumefnum. Skápar og skilríð eru máluð og / eða harðplastögð, en borðplötur séu úr massífum harðplastögðum plötum. Sérhannað afgreiðsluborð er í móttöku. Sérhönnuð innrétting er fyrir skóageymslu og fetahengi.

Loftræsing:

Í húsinu verða loftræsikerfi þar sem við á í samræmi við kröfur um starfsemi sem þessa.

Aðgengi fatlaðra:

Við bygginguna eru 2 sérmerkt bílastæði fatlaðra við aðalinnangang.

Eldvami:

Byggingin skal uppfylla allar kröfur um eldvamið sem opinber aðilar setja um starfsemi sem þessa. Allar klæðingar innan húss verða í flokki 1. Sjá nánar um brunavarnir á teikningum 6-99.1.51a og 6-99.1.51b

Hælu U-gildi (Wm 2 K) (T_p=18°C)

| | |
|---|-----|
| Þak | 0,2 |
| Útveggur | 0,4 |
| Gluggar (kamar, gler vegg meðaltal, k-gler) | 2,0 |
| Hurðir | 3,0 |
| Gólf á fyllingu | 0,3 |

STARÐIR:

| | |
|-----------|----------|
| ELDRA HÚS | 1248,3m² |
| Breytt | 273,2m² |
| Nýbygging | 115,4m² |
| SAMTALS: | 1636,9m² |

VIÐBYGGING

| | |
|------------------------|------------|
| Millihús | 382,6m² |
| Salur | 1086,1m² |
| SAMTALS: | 1468,7m² |
| Heildarbrúttófatarmál: | 3085,6 m² |
| Brúttórummál: | 19.544,7m² |
| Fatarmál lóðar | 7338,6 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,42 |
| Fjöldi bílastæða: | 88 stæði |

Eginn Stefánsson
 Kf: 270152-6869

| | | | |
|---|---|---------------------|---------------|
| ÖTG. | DAGS. | BREY. | TEIKN. |
| Bjarkarhús, Haukahlæuni 1, 220 Hafnarfjörður | | | |
| HANNAÞEIKN. as.eg.og.dh.tf | YFIRFARIÐ: | | |
| VERKNR. (99)1.01 / 2073 | UNDIRSKRIFT: | | |
| | KENNITALA: 270152-6869 | | |
| EPN: byggingarnefndateikning | TEIKNINGSNÚMÉR: | ÖTG. | |
| Afstöðumynd | | 6 - (99)1.01 | |
| MKV. 1:500 | DAGS: 28.03.2001 | BREYTT.DAGS. | |
| HØJGAARD & SCHULTZ | | | |
| Hólmaslóð 4 101 Reykjavík IS TF: (+354) 6 30 98 00 Fax: (+354) 6 30 98 01 | | | |
| <ul style="list-style-type: none"> — Klappanleg 18 — TERASLEMMITT — VÆR — Raflokkurhlutf. | <ul style="list-style-type: none"> 101 Reykjavík IS TF: (+354) 6 11 20 80 Fax: (+354) 6 11 20 88 egi@arL.is jar@aralemmitt.is 220 Hafnarfjörður IS TF: (+354) 6 85 86 00 Fax: (+354) 6 85 86 10 egi@arL.is Ormslóðaveg 3 108 Reykjavík TF: (+354) 620-0900 Fax: (+354) 620-0901 jgg@arL.is | | |